

Fimmtudaginn 13. júní 1996.

Nr. 147/1995.

Eldberg hf.

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Ólafi Auðunssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og gagnsök

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur hans verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1995. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 5.214.500 krónur með 6% ársvöxtum frá 22. apríl 1990 til 1. maí 1992, með 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 272.267 krónum, sem greiddar voru 3. febrúar 1988. Til vara krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar að mati réttarins. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, var gagnáfrýjandi ráðinn í vinnu hjá aðaláfrýjanda við að taka niður vikurvinnslusamstæðu aðaláfrýjanda við Heklu og koma henni fyrir á athafnasvæði aðaláfrýjanda í Þorlákshöfn. Gagnáfrýjandi er vélvirki að mennt, en starfaði að þessu verki sem verkamaður hjá aðaláfrýjanda. Er slysið varð, var hann að vinna við uppsetningu á undirstöðum undir færiband. Við uppsetninguna var notaður

krani í eigu Smiðs hf. á Selfossi, og var stjórnandi kranans starfsmaður þess félags og þáði laun frá því. Vinna þessi var nákvæmnisverk, sem krafðist náinnar samvinnu þeirra, sem hana unnu. Eins og lýst er í héraðsdómi, þurfti kranastjórinn að snúa kranabómunni til þess að koma gálganum í þá stöðu, sem hann átti að fara í, og við það missti hann sjónar á gagnáfrýjanda. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins segir, að gagnáfrýjandi hafi gefið kranastjóranum merki um að hífa og hann gert það. Þegar armurinn var kominn ca. 80–85° frá láréttu, hafi gagnáfrýjandi farið upp á undirstöðuhlutann, sem lá á jörðinni, „til að gera stillanlega stífun (klór) tilbúna til samsetningar í mótstykkið til þess þurfti að hífa betur í undirstöðuarminn, en kranabóman hefur ekki verið lóðrétt yfir lyftikróknum, og fer armurinn, sem hífður er, yfir lóðréttan ballans, slaknar þá á ásláttarbúnaðinum, og krækist áslátturinn úr (af ókunnum orsökum)“. Kranastjórinn og gagnáfrýjandi voru einir við verkið, en verkstjóri aðaláfrýjanda var ekki á staðnum. Ekki er fram komið, að aðaláfrýjandi hafi gefið gagnáfrýjanda leiðbeiningar um, hvernig standa skyldi að verki.

II.

Slysinu og aðdraganda þess er lýst í héraðsdómi. Fallist er á það með héraðsdómara, að notkun kranans hafi verið liður í ákveðinni heildarframkvæmd verks, sem var sérhæft og unnið á vegum aðaláfrýjanda og undir verkstjórn starfsmanns hans. Er ekki unnt að skilja kranavinnuna frá verkinu í heild sinni og líta á hana sem sjálfstæðan verkþátt, sem aðaláfrýjandi beri ekki ábyrgð á. Telja verður, að orsök slyssins megi að mestu leyti rekja til mistaka kranastjórans svo og skorts á markvissri verkstjórn af hálfu aðaláfrýjanda. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður slysið rakið til atvika, sem leiða til bótaábyrgðar aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi starfaði sem verkamaður hjá aðaláfrýjanda, en var vélvirki að mennt og reyndur vörubifreiðarstjóri. Þótt hann væri ekki vanur þeirri vinnu, sem hér um ræðir, hafði hann unnið nálægt krönum áður og þekkti þær hættur, sem því voru samfara. Hann sýndi af sér mikið gáleysi með því að fara upp á annan arm undirstöðunnar, áður en sá armur hennar, sem híft var í, var kominn í ör-

ugga stöðu. Með vísan til þessa verður hann einnig talinn eiga sök á því, að slysið varð. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig, að hvor aðila beri helming tjóns þess, sem gagnáfrýjandi hlaut vegna slyssins.

III.

Örorkumati því, sem fyrir liggur í málinu, hefur ekki verið hnekkt, og verður á því byggt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr líkindareikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings um örorkutjón gagnáfrýjanda, gerður 3. júní 1996, þar sem við útreikning höfuðstólsverðmætis er miðað við 4,5% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag. Kröfugerð gagnáfrýjanda er þó byggð á útreikningi tryggingafræðingsins frá 30. nóvember 1993. Stefnukrafan er 5.214.500 krónur, sem sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón	5.060.200 krónur
2. Miski	500.000 krónur
	5.560.200 krónur
Frá dregst greiðsla frá	
Tryggingastofnun ríkisins	345.700 krónur
	5.214.500 krónur

Með vísan til rökstuðnings héraðsdóms þykir örorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið eins og þar er gert, 2.750.000 krónur. Aðaláfrýjandi bætir það tjón að hálfu, 1.375.000 krónur, en frá því dragast bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, 272.267 krónur. Fallist er á það með héraðsdómi, að miski sé hæfilega metinn á 200.000 krónur, sem aðaláfrýjanda ber að greiða að helmingi.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda 1.202.733 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Eldberg hf., greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Auðunssyni, 1.202.733 krónur, með 6% ársvöxtum frá 22. apríl

1990 til 1. maí 1992, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Garðars Gíslasonar og
Hrafns Bragasonar

Aðalatriði málavaxta eru rakin í atkvæði meiri hluta dómenda.

Samkvæmt umsögn vinnueftirlitsins er orsaka slyssins að leita til þess, að kranabóman var ekki lóðrétt yfir lyftukróknum, og fór því armurinn, sem hífður var, yfir lóðrétt jafnvægi. Við það slaknaði á ásláttarbúnaðinum, og kræktist áslátturinn úr. Gagnáfrýjandi hafði farið upp á undirstöðuhlutann, sem lá á jörðinni, áður en mótstykk-ið hafði verið híft til fulls. Samkvæmt gögnum málsins var til þess engin nauðsyn. Gagnáfrýjandi hafði unnið við járnsmíðar. Hann var vélvirki að mennt og vanur bifreiðarstjóri. Samkvæmt framburði hans fyrir dómi var hann því fenginn til aðstoðar við að taka niður færibandid og koma því upp.

Aðaláfrýjandi beindi í upphafi kröfum sínum að Smíði hf. og tryggingafélagi þess. Smíður hf. varð gjaldþrota, og tryggingafélagið bar fyrir sig, að tryggingin hefði ekki verið í gildi. Smíður hf. var vinnuveitandi kranastjórans og sjálfstæður verktaki. Stjórnandi kranans var þannig ekki starfsmaður aðaláfrýjanda. Ósannað er, að aðra en gagnáfrýjanda og kranastjórnann hafi þurft til verksins og að á hafi skort um heildarverkstjórn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að slysið megi rekja til bilunar í tækjum aðaláfrýjanda. Ekki er því sýnt fram á, að slys gagnáfrýjanda verði rakið til nokkurs þess, sem aðaláfrýjandi, Eldberg hf., ber ábyrgð á. Ber því að sýkna aðaláfrýj-anda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 3. febrúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 22. apríl 1994, af Ólafi Auðunssyni, kt. 110647-4339, Hásteinsvegi 17, Stokks-

eyri, á hendur Eldbergi hf., kt. 510484-0299, Unubakka 3a, Þorlákshöfn, til greiðslu skaðabóta og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða sér 5.214.500 krónur ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur Eldbergs hf. eru þær aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur hans verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst félagið þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða því málskostnað að mati dómsins, þar sem tekið verði tillit til áhrifa 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og engum kröfum er að honum beint.

I.

Í máli þessu krefur stefnandi Eldberg hf. um skaðabætur vegna vinnuslyss, er hann varð fyrir 16. janúar 1985. Stefnandi var þá starfsmaður hins stefnda hlutafélags, og hafði honum verið falið að koma fyrir undirstöðum undir færiband á athafnasvæði félagsins í Þorlákshöfn. Við framkvæmd verksins var notaður krani í eigu Smiðs hf. á Selfossi, og var stjórnandi kranans starfsmaður þess félags. Færibandinu átti síðan að koma fyrir ofan á undirstöðunum, þegar lokið yrði uppsetningu þeirra.

Hver undirstaða er mynduð af tveimur mislöngum, samtengdum örmum, sem leggja má saman, og stillanlegri millistífu. Að lokinni uppsetningu mynda armar undirstöðunnar því sem næst 90° horn, og eru þeir festir í þeirri stöðu með millistífunni. Færibandi er síðan komið fyrir ofan á örmunum. Við uppsetningu færibandsins í umrætt sinn þurfti að hífa hverja undirstöðu í sundur, þar sem þær höfðu verið lagðar saman vegna flutnings til Þorlákshafnar. Var stefnandi að vinna við eina undirstöðuna, þá er slysið bar að höndum, og stóð hífing yfir.

Við hífingu var notaður ásláttarbúnaður í eigu stefnda af svokallaðri hanafótargerð. Er hann samsettur af fjórum samliggjandi keðjum, sem í annan endann tengjast allar einum járnhring til festingar í lyftikrók, en á hinum enda hverrar keðju er einn láskrókur. Stefnandi mun hafa notað eina keðju við hífingu umrætt sinn. Brá hann keðjunni utan um þverslá efst á lengri armi undirstöðunnar og læsti króknum utan um keðjuna. Síðan var híft. Fyrir liggur, að eftir slysið var öryggislæsing í lagi á tveimur krókum, einn krókur var læsingarlaus og annar með laskaða læsingu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að þegar sá armur undirstöðunnar, sem híft var í, hafi verið kominn á að gíska 80–85° frá láréttri stöðu, hafi hann tekið

sér stöðu á þeim armi hennar, sem lá á jörðinni. Hugðist hann gera millistífunna tilbúna til samsetningar. Nánari tildrögum slyssins er lýst með eftirfarandi hætti í umsögn Vinnueftirlits ríkisins, sem liggur frammi í málinu, en við lýsingu málsatvika í stefnu er við hana stuðst: „... til þess þurfti að hífa betur í undirstöðuarminn, en kranabóman hefur ekki verið lóðrétt yfir lyftikróknum, og fer armurinn, sem hífður er, yfir lóðréttan „ballans“. Slaknar þá á ásláttarbúnaðinum, og krækist áslátturinn úr (af ókunnum ástæðum). Við það fellur undirstöðuarmurinn áfram yfir og skellur á jörðina vegna lögunar undirstöðuplattanna. Þeytist lárétti armurinn, sem Ólafur stóð á, í loft upp og hann með ...“.

Eftir því sem næst verður komist, þeyttist stefnandi af framangreindum ástæðum 4–5 metra í loft upp. Við lendingu bar hann fyrir sig báðar hendur, og brotnuðu þær um úlnlið við höggið. Þá skarst stefnandi í andliti og framan á vinstri fótlegg. Er meiðslum stefnanda nánar lýst í ýtarlegu vottorði Hauks Árnasonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 7. október 1987, en þangað var stefnandi fluttur strax eftir slysið. Í vottorðinu segir meðal annars: „Hann hafði greinilega brot á báðum úlnliðum og djúpan 8 cm skurð á vinstri legg. Hann hafði einnig djúpan skurð við vinstra munnvik inn í munninn, og virtist hringvöðvi umhverfis munninn í sundur. ... í rtg-myndatöku (komu) í ljós mjög kurluð brot á báðum úlnliðum, þó verri vinstra megin.“ Þá er í vottorði þessu lýst þeirri lækni-meðferð, sem stefnandi naut, og afleiðingum meiðsla hans. Pykir ekki ástæða til að rekja efni vottorðsins frekar.

Lögreglurannsókn hófst þegar sama dag og slysið varð. Þá skoðaði starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins búnað þann, sem notaður var við umrætt verk, og skráði skýrslu um þá skoðun sína og annað það, sem snýr að framkvæmd verksins og tildrögum slyssins. Þar kemur meðal annars fram, svo sem áður hefur verið vikið að, að öryggislæsinga vantaði á einn krók ásláttarbúnaðarins og annar var með laskaða læsingu. Þá kemur fram í skýrslunni það mat vinnueftirlitsins, að öruggara hefði verið að nota stroffur sem ásláttarbúnað í því tilviki, sem hér um ræðir. Að því er kranann og stjórnanda hans varðar, segir svo í skýrslunni: „Kraninn, sem notaður var við verkið, ... er vökvakrani af gerðinni Grove R.T. 75 S, 40 t. lyftigeta, árgerð 1974. Kraninn var skoðaður og prófaður, og reyndist hann í lagi ... Stjórnandi kranans, Tyrfingur Halldórsson, ... var ekki með réttindi á vökvakrana, þó að hann hafi unnið á krananum um töluverðan tíma. Var hæfni Tyrfings prófuð eftir slysið, og hafði hann næga hæfni til að öðlast réttindi til að stjórna vökvakrana.“ Loks er tiltekið í skýrslu þessari, að þokkalegt veður hafi verið umrætt sinn, bjart og þurrt, en gengið á með

smá-vindhviðum. Er í skýrslunni látið að því liggja, að vindhviða hafi hjálpað til við að velta undirstöðunni yfir „ballans“.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í málinu á því, að hið stefnda hlutafélag beri fébótaábyrgð á atviki því, sem að framan er lýst. Verða málsástæður og rök stefnanda, er að þessu lúta, síðar rakin. Þá telur hann sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slyssins og styðst þar annars vegar við örorkumat Stefáns Bogasonar lækni frá 5. janúar 1988 og hins vegar við örorkutjóns-útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 30. nóvember 1993. Samkvæmt örorkumatinu var stefnandi talinn vera alveg óvinnufær í sex og hálfan mánuð eftir slysið, vinnufær að hálfu í átta mánuði eftir það og með 25% skerta starfsorku til frambúðar. Örorkutjón stefnanda nemur samkvæmt nefndum útreikningi 5.060.200 krónum, þar af tjón vegna varanlegrar örorku 4.570.400 krónur. Þá krefst stefnandi miskabóta, að fjárhæð 500.000 krónur. Höfuðstóll stefnukröfu hans nemur hins vegar 5.214.500 krónum. Hefur þá verið tekið tillit til bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, en þær námu samtals 345.700 krónum. Þá fékk stefnandi bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, 272.267 krónur. Er í endanlegri kröfugerð hans við það miðað, að sú fjárhæð gangi til lækkunar á höfuðstól stefnukröfu að viðbættum vöxtum.

Stefnandi hefur skýrt aðild réttargæslustefnda að máli þessu þannig, að Smiður hf., eigandi kranans, sem notaður var við umrætt verk, hafi haft ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda. Bú Smiðs hf. hafi hins vegar verið tekið til gjaldþrotaskipta, og hafi af þeim sökum ekki komið til þess, að félaginu yrði stefnt til greiðslu bóta í þessu máli.

II.

Við áðurgreinda lögreglurannsókn voru teknar skýrslur af stefnanda og Tyrfini Halldórssyni.

Í skýrslu sinni frá 5. febrúar 1985 segir stefnandi svo frá tildrögum slyssins, „að kranabóman hafi verið komin of langt og dregið undirstöðuna yfir „ballans“ og þá komið slaki á vírinn og einhvern veginn húkkast úr við slakann og höggið, sem eftir fylgdi, er gálginn féll í vírinn aftur“. Aðspurður kvaðst stefnandi hafa notað heilan krók umrætt sinn. Hanafótur sá, sem hér um ræðir, hafi mikið verið notaður, og hafi hann „ætíð forðast að nota krókinn, sem fjöðrina vantaði í“. Fyrir dómi fullyrti stefnandi, að heill krókur hefði verið notaður umrætt sinn, og taldi, að tveir krókar hefðu verið í ólagi, áður en slysið bar að höndum. Þá aftók stefnandi það með öllu, að vindhviða hefði hjálpað til við að velta armi undirstöðunnar yfir jafnvægisstöðu. Veður hafi verið með besta móti, og í öllu falli fái smá-vindhviða ekki hagg að járnstykki af því tagi, sem hér um ræðir.

Í skýrslu Tyrfings Halldórssonar frá 7. febrúar 1985 kemur fram, að lokið hafi verið uppsetningu á 3–4 undirstöðum, áður en hafist hafi verið handa við þá hífingu, sem hér er til umfjöllunar. Fyrir dómi var framburður hans að þessu leyti á þá leið, að sú undirstaða, sem hér um ræðir, hafi í öllu falli ekki verið hin fyrsta, sem upp var sett. Aðspurður kvaðst hann hins vegar ekkert geta fullyrt um það, hvenær stefnandi hefði komið að verkinu. Þá segir Tyrfingur í lögregluskýrslu sinni, að tilhögun á uppsetningu hvernar undirstöðu hafi ætíð verið hin sama. Síðan er eftirfarandi bókað eftir honum: „Mætti segist nú hafa híft efri gálgann, þar til hann var kominn í lóð-rétta stöðu, en þá hafi hann stöðvað hífinguna, því að til þess að koma gálg-anum í þá stöðu, sem hann átti að vera í (eins og báðir gálgarnir mynduðu stafinn V), þurfti mætti að snúa kranabómunni. Þegar mætti sneri kranabómunni, segist hann hafa séð Ólaf Auðunsson standa utan við kjálkann. Við það að snúa bómunni segist mætti hafa misst sjónar á Ólafi, vegna þess að bómutjakkarnir skyggðu á. Mætti segir, að um leið og hann sneri bómu kranans, hafi kjálkinn farið yfir „ballans“ og slaki einhverra hluta vegna komið á kranavírin og lásast hafi úr gálganum og hann fallið niður. Aðspurður segist mætti ekki hafa séð, hvað gerðist, því að lásinn á hanafætinum hefði verið hulinn sjónum sínum, verið í hvarfi við bita í gálganum. Aðspurður segir mætti, að enginn hafi stjórnað sér eða gefið bendingar við hífinguna, eftir að Ólafur Auðunsson gaf sér merki um að hífa. ... Aðspurður um ástand hanafótanna, sem notaðir voru, segir mætti, að þrír krókar af fjórum hafi verið í lagi, að því er hann vissi best, en fjöðrina vantað á einn lásinn. Mætti segir, að hann hafi notað þennan hanafót við flutninga og uppsetningu á tækjum Eldbergs hf., og hafi Eldberg hf. átt hanafótinn. Sérstaklega aðspurður segir mætti, að hann hafi alls ekki orðið þess var, að Ólafur Auðunsson var kominn upp á neðri kjálkann, og ekki orðið hans var, fyrr en hann kom fljúgandi inn í sjónlínu mætta, og var hann þá um það bil að falla á jörðina, og sá mætti því ekki, hve hátt hann kastaðist upp.“

Þá gaf Rúnar Friðfinnur Jóhannsson, en hann var verkstjóri hjá stefnda, skýrslu hjá lögreglu. Kemur þar fram, að hann hafi ekki verið staddur á at-hafnasvæði stefnda í Þorlákshöfn, þá er umrætt slys bar að höndum, hafi þurft að bregða sér frá um stundarsakir. Þá taldi hann, að ásláttarbúnaður sá, sem notaður var við hífingu umrætt sinn, hafi verið í lagi fyrir slysið, ef frá er talin öryggislæsing á einum króknum. Forðast hafi verið að nota þann krók. Við athugun á ásláttarbúnaðinum eftir slysið hafi hins vegar komið í ljós, að aðeins tveir krókanna hafi reynst vera í fullkomnu lagi. Vitni þetta kom ekki fyrir dóm.

III.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á hendur hina stefnda hlutafélagi á almennum skaðabótareglunni og reglu skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmenn hans valda með ólögðum og saknæmum hætti.

Í fyrsta lagi sé til þess að líta, að stjórnandi kranans hafi verið í vinnu hjá stefnda og lotið verkstjórn hans. Telur stefnandi, að ljóst megi vera, að kranamanninum hafi orðið á mistök við framkvæmd verksins. Enn fremur beri að hafa í huga í þessu sambandi, að hann hafi ekki haft réttindi til að stjórna þeim krana, sem hér um ræðir.

Í annan stað er bent á af hálfu stefnanda, að tæki þau, sem notuð hafi verið við framkvæmd umrædds verks, og þá einkum ásláttarbúnaðurinn, hafi ekki verið í lagi, og megi rekja slysið að hluta til þess. Vísar stefnandi sérstaklega til þess álits Vinnueftirlits ríkisins, að öruggara hefði verið að nota stroffur sem ásláttarbúnað.

Loks tiltekur stefnandi, að verkstjórn af hálfu stefnda hafi verið ófullnægjandi. Þannig hafi verið nauðsynlegt, að fleiri kæmu að verkinu, meðal annars til þess, að stjórnandi kranans fengi fullnægjandi leiðbeiningar og þá sérstaklega, meðan á hífingu stóð.

Stefnandi hafi verið starfsmaður stefnda á þeim tíma, sem umrætt slys varð, og beri félagið ábyrgð á tjóni stefnanda, sem samkvæmt framansögðu verði rakið til mistaka við framkvæmd verks, vanbúinna tækja og ófullnægjandi verkstjórnar. Um sé að ræða samverkandi orsakir, sem hver um sig nægi til að fella bótaábyrgð á vinnuveitanda stefnanda, stefnda Eldberg hf.

Af hálfu Eldbergs hf. er því haldið fram, að bótaábyrgð verði ekki felld á félagið á grundvelli þeirra reglna skaðabótaréttarins, sem stefnandi hefur vísað til. Þar sé fyrst til að taka, að stjórnandi kranans hafi verið starfsmaður Smiðs hf., sem tekið hafi að sér allar hífingar við framkvæmd umrædds verks sem sjálfstæður verktaki. Eldberg hf. hafi ekkert húsbóndavald haft yfir kranamanninum, og milli þeirra hafi ekki verið það réttarsamband, er felld geti bótaábyrgð á félagið, verði slysið á annað borð rakið til mistaka kranamannsins. Stefnandi hafi verið eini starfsmaður stefnda, sem unnið hafi að verkinu, þá er slysið bar að höndum. Verkefni hans hafi verið í því fólgið að festa í það, sem hífa átti hverju sinni, gefa stjórnanda kranans bendingar og koma fyrir millistífu að hífingu lokinni. Verði slysið hins vegar rakið til sakar stefnanda sjálfs eða mistaka hans, verði Eldberg hf. ekki gert bótaskyld á grundvelli húsbóndaábyrgðar.

Í öðru lagi verði bótaábyrgð ekki felld á stefnda á þeim grunni, að tæki þau, sem notuð hafi verið til verksins, hafi ekki verið í lagi. Viðurkennt sé, að lás á einum af fjórum krókum hanafótarins hafi verið bilaður fyrir slysið

og stefnanda verið um það kunnugt. Við hífingu hafi aðeins verið notaður einn krókur. Stefnandi hafi sjálfur séð um að festa hann í undirstöðuna, og það hafi eingöngu verið í hans valdi að ákveða, hvaða krókur skyldi notaður. Stefnandi hafi jafnan fullyrt, að hann hafi notað heilan krók við þá hífingu, sem hér um ræðir. Hafi hann ekki gert það, sé vanrækslu hans sjálfs um að kenna. Þá telur stefndi sterkar líkur vera fyrir því, að krókur sá, sem notaður var umrætt sinn, hafi laskast, þegar slaknað hafi á kranavírnum og gálginn féll að nýju í vírinn. Verði þannig að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að einungis einn krókur ásláttarbúnaðarins hafi verið í ólagi fyrir slysið. Samkvæmt framansögðu nægi það hins vegar ekki til að fella bótaábyrgð á stefnda.

Að því er varðar staðhæfingu stefnanda um skort á verkstjórn, tekur stefndi eftirfarandi fram: Slysið hafi orðið við notkun á vökvakrana í eigu sjálfstæðs verktaka. Enginn starfsmanna stefnda hafi búið yfir sérþekkingu á notkun krana. Til þess að framkvæma þá kranavinnu, sem inna þurfti af hendi vegna flutnings og uppsetningar á vikurvinnslusamstæðu stefnda, hafi félagið samið við Smið hf. á Selfossi. Það félag hafi átt og rekið kranabífreiðar, og þar hafi verið um að ræða sérþekkingu, er laut að framkvæmd umrædds verks. Öll verkstjórn við kranavinnuna hafi því verið í höndum Smiðs hf. Á slysdegi hafi stefnandi verið tæplega 37 ára að aldri, menntaður sem vélvirki og að auki með mikla reynslu af akstri vörubífreiða. Enda þótt stefnandi hafi verið á launaskrá hjá stefnda, hafi hann verið stjórnanda kranans til aðstoðar og lotið verkstjórn hans. Hafi stefndi með þessu leitast við, að maður með reynslu og þekkingu á þessu tiltekna sviði kæmi að verkinu fyrir hans hönd. Stefndi hafi því gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að gera kranavinnuna eins örugga og unnt hafi verið, og sé ekki við hann að sakast, þótt stefnandi hafi brugðist í þessu hlutverki sínu. Slysið verði algerlega rakið til þeirrar hegðunar stefnanda að taka sér stöðu á neðri armi undirstöðunnar, áður en hífingu var lokið. Verði það ekki metið stefnda til sakar að hafa ekki komið í veg fyrir þessa ófyrirséðu og fráleitu háttsemi stefnanda.

Kröfu sína um sýknu reisir hið stefnda hlutafélag samkvæmt framangreindu á því, að slys það, sem hér er til umfjöllunar, verði umfram allt rakið til eigin sakar stefnanda og/eða mistaka hjá starfsmönnum Smiðs hf.

Varakrafa stefnda um verulega lækkun stefnukröfu er aðallega studd því, að stefnandi eigi sjálfur meginsök á tjóni sínu. Þá er varakrafan einnig byggð á því, að einstakir liðir í kröfugerð stefnanda séu allt of háir og að ekki sé tekið tillit til lækkunarsjónarmiða. Tiltekur stefndi eftirfarandi at-
riði í því sambandi:

1. Krafa stefnanda um bæt看 vegna tímabundinnar örorku sé ekki studd öðrum gögnum en líkindaútreikningi tryggingastærðfræðings. Slíkur útreikningur geti aldrei talist sönnun um tjón af því tagi, sem hér um ræðir. Er þessum lið í kröfugerð stefnanda því mótmælt sem ósönnuðum.

2. Krafa stefnanda um bæt看 vegna varanlegrar örorku sé reist á mati á læknisfræðilegri örorku og líkindareikningi tryggingastærðfræðings. Líkindaútreikningurinn sé við það miðaður, að stefnandi muni tapa vinnutekjum í sama hlutfalli og læknisfræðileg örorka samkvæmt mati segir til um. Þessi forsenda sé mjög hæpin. Norrænar rannsóknir hafi sýnt, að læknisfræðileg örorka undir 30% leiði sjaldnast til tekjumissis. Þá hafi Hæstiréttur Íslands hafnað því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikning til grundvallar í dómum sínum án gagnrýni, og beri að athuga sérstaklega hverju sinni, hvort meiðsli séu líkleg til þess að valda skerðingu á aflahæfi eða ekki. Stefnandi sé vörubifreiðarstjóri, og ósannað sé, að stirðleiki í úlnliðum og kraftleysi í vinstri hendi muni verða til að valda honum 25% fjárhagslegri örorku. Heldur stefndi því fram, að það sé ekki í samræmi við almennar reglur íslensks skaðabótaréttar að bæta með fé tjón, sem annaðhvort hefur ekki orðið eða ekki haft í för með sér fjárhagslegar afleiðingar. Í þessu máli hagi einnig svo til, að stefnandi hafi orðið fyrir að minnsta kosti tveimur slysum á úlnlið, áður en komið hafi til örorkumats.

Yrðu bótakröfur viðurkenndar, segir stefndi, að taka beri tillit til þess hagræðis, er felist í eingreiðslu bóta, sem eigi verði metið minna en 10%. Þá sé enn fremur til þess að líta, að bótagreiðslur séu skattfrjálsar og í því skattfrelsi eigi ekki að felast fjárhagslegur ávinningur fyrir bótaþega. Yrði bótaskylda viðurkennd, ætti af þessum sökum að lækka bótafjárhæð um 41,84%. Heldur stefndi því fram, að lækkun um lægra hlutfall jafngildi því, að persónuafsláttur sé tvítalinn.

3. Miskabótakröfu stefnanda mótmælir stefndi sem allt of hárr og telur hana í algjöru ósamræmi við dómvenju. Þá beri að taka tillit til þess, að miski sé að hluta til innifalinn í venjulegri læknisfræðilegri örorku.

4. Loks mótmælir stefndi því, að vextir verði dæmdir fram til 22. apríl 1990, þar sem stefna hafi fyrst verið birt 22. apríl 1994. Allir vextir fram að hinu fyrrgreinda tímamarki séu þannig fyrndir. Þá heldur stefndi því fram, að ekki séu efni til að dæma dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

IV.

Leggja ber til grundvallar við úrlausn málsins þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi við hífingu í umrætt sinn notast við einn af fjórum krókum ásláttarbúnaðarins og að sá krókur, sem notaður var, hafi verið búinn öryggislæsingu, sem verið hafi í lagi fyrir slysið. Áður er vikið að því áliti starfsmanns Vinnueftirlits ríkisins, að öruggara hefði verið að nota stroffur

sem ásláttarbúnað umrætt sinn. Ekki verður hins vegar séð, að stofnunin hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, gefið út leiðbeiningar hér að lútandi, og leggja beri til grundvallar, að engar reglur eða staðlar hafi verið í gildi um þetta, er slysið varð. Að þessu virtu verður notkun þess ásláttarbúnaðar, sem notaður var, ekki virt stefnda til sakar í málinu.

Pá er slys það, sem hér er til umfjöllunar, bar að höndum, vann stefnandi sem starfsmaður stefnda, Eldbergs hf., að uppsetningu á vikurvinnslusamstæðu félagsins á athafnasvæði þess í Þorlákshöfn. Var vökvakrani sá, sem notaður var við framkvæmd þess verks, í eigu Smiðs hf. á Selfossi og stjórnandi kranans starfsmaður þess félags og þáði þaðan laun fyrir vinnu sína. Ekkert liggur hins vegar fyrir um það, að fyrirsvarsmenn stefnda og Smiðs hf. hafi gert með sér samning, er fæli það í sér, að síðarnefnda félagið tæki að sér að annast verkið í heild eða að hluta sem verktaki eða sjálfstæður framkvæmdaraðili. Var notkun kranans liður í ákveðinni heildarframkvæmd, sem stjórnandi kranans og starfsmenn Eldbergs hf. unnu að á vegum félagsins og undir verkstjórn starfsmanns þess. Er ekki unnt að fallast á það með stefnda, svo sem hér hagar til, að kranavinnan verði skilin frá verkinu í heild sinni og á hana litið sem sjálfstæðan verkþátt, er stefndi beri ekki ábyrgð á.

Því er áður lýst, í hverju verk það, sem stefnandi vann að í umrætt sinn, var fólgið. Kosta bar kapps um vegna þeirrar hættu, sem verkinu fylgdi og fyrirsvarsmönnum stefnda mátti vera ljós, að ýtrasta öryggis yrði gætt við framkvæmd þess. Var þetta einkum brýnt sökum þess, að við samsetningu á millistifu hvernar undirstöðu reyndist óhjákvæmilegt, að sá, sem annaðist hana, tæki sér stöðu undir þeim armi undirstöðunnar, sem híft var í.

Óvefengt er, að tildrög slyssins hafi verið með þeim hætti, sem lýst er í stefnu og áður er rakið. Með því og framburði vitnisins Tyrfrings Halldórssonar þykir að mati dómsins sýnt, að eigi var staðið að verkinu með þeim hætti, að nauðsynlegar og eðlilegar varúðarráðstafanir væru viðhafðar. Þá verður ekki séð, að gefin hafi verið fyrirmæli um, að verkinu skyldi hagað með öðrum og öruggari hætti en gert var, og fyrir liggur, að verkstjóri stefnda var ekki staddur á vinnusvæðinu, þá er slysið varð.

Með vísan til alls þess, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að hið umrædda slys verði rakið til atvika, sem leiða til bótaábyrgðar stefnda að lögum.

Ljóst er, að stefnandi þekkti vel til þess búnaðar, sem unnið var með í umrætt sinn. Mátti honum vegna menntunar sinnar og fyrri starfa vera kunn sú hætta, sem verki hans fylgdi. Í ljósi þessa sýndi stefnandi af sér nokkra óvarkárni með því að taka sér stöðu á öðrum armi undirstöðunnar,

áður en sá armur hennar, sem híft var í, var kominn í örugga stöðu undir kranabómunni. Verður hann að þessu virtu einnig talinn eiga nokkra sök á því, að slysið varð. Er rétt, eins og mál þetta er vaxið, að ábyrgð á slysinu verði lögð á stefnda að 2/3 hlutum, en að 1/3 hluta á stefnanda sjálfan.

Samkvæmt framangreindu á stefnandi rétt á fébótum úr hendi stefnda fyrir 2/3 hluta þess fjártjóns og miska, sem rekja má til slyssins.

V.

Svo sem áður hefur komið fram, mat Stefán Bogason læknir örorku stefnanda, og segir svo í mati hans 5. janúar 1988 í niðurstöðukafla:

„Um er að ræða rúmlega fjörutíu ára mann, sem varð fyrir því slysi við vinnu sína að detta og kom niður á báða handleggi og andlit og hlaut slæmt brot á báðum úlnliðum, en einnig skarst hann í andliti og framan á vinstri fótlegg. Hann var þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem hann lá um tíma og meiðsli hans voru rannsökuð, skurðir saumaðir saman og brot sett í skorður, eins og hægt var. Hann var þar síðan lengi í eftirliti, og enn fremur var hann lengi í sjúkraþjálfun með báða handleggi. Hann var alveg óvinnufær og fékk greidda slysadagpeninga frá TR frá 16. 1. 1985 til 19. 6. 1985 og aftur frá 30. 10. 1985 til 31. 12. 1985. Tæpum þremur árum eftir slysið var hann með mjög skerta hreyfingu í báðum úlnliðum, og einnig eru hreyfingar sárar. Hann er einkum stirður í vinstri úlnlið og á mjög bágst með réttihreyfingu þar, einnig á hann erfitt með að rétta úr fingrum vinstri handar. Þá eru hreyfingar í vinstri þumalfingri óruggar. Grip í vinstri hendi er áberandi kraftminna en í hægri hendi. Einkenni frá axlarlið verða ekki reiknuð með í þessu örorkumati, þar sem um annað slys er að ræða. Ekki er að búast við neinum frekari bata eftir brot á báðum framhandleggjum og slit á réttisin vinstri þumalfingurs, og kemur hann til með að hafa nokkra varanlega fötlun af þeim sökum.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í sex og hálfan mánuð	100%
Eftir það í átta mánuði	50%
Varanleg örorka	25%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur tvívegis reiknað út örorkutjón stefnanda, 25. janúar 1988 og 31. nóvember 1993. Byggir stefnandi kröfugerð sína í málinu á síðari útreikningnum. Þar segir:

„Samkvæmt ljósrítum af skattframtölum Ólafs voru vinnutekjur hans ár- in 1982–1984 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

		Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið 1982	kr.	328.565	kr. 2.476.600
Árið 1983	–	258.938	– 1.286.000
Árið 1984	–	419.218	– 1.663.800
		<u>Meðaltal</u>	<u>kr. 1.808.800</u>

Síðasta árið er mestur hluti teknanna reiknuð laun í atvinnurekstri (vöru-bíll) og að nokkru leyti einnig árið 1983. Annars er um að ræða laun frá Hraðfrystihúsi Stokkseyrar o. fl. aðilum.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

		Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1985, frá slysdegi	kr.	597.900	kr. 456.000
Árið 1986	–	837.600	– 255.100
Árið 1987	–	1.163.200	– 290.800
Árið 1988	–	1.380.600	– 345.100
Árið 1989	–	1.577.600	– 394.400
Árið 1990	–	1.684.400	– 421.100
Síðan árlega	–	1.808.800	– 452.200

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	489.800
Vegna varanlegrar örorku	–	4.570.400
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 5.060.200</u>

Ólafur fékk dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins tímabilin 23/1–16/6 1985 og 30/10–13/12 1985, 89.994 kr., og örorkubætur 18/1 1988, 389.405 kr. Höfuðstólsverðmæti dagpeninga og örorkubóta reiknast mér nema á slysdegi 345.700 krónum.“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands til útreikningsdags. Frá þeim degi eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir.

Til viðbótar upplýsingum um launatekjur stefnanda samkvæmt framan-greindu hafa verið lögð fram í málinu skattframtöl hans vegna árána 1985 til 1993.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Örorkutjón	kr.	5.060.200
2. Miski	–	500.000
	kr.	5.560.200
Frá dregst greiðsla frá TR	kr.	345.700
	Kr.	5.214.500

Um 1. lið.

Ljóst er, að aflahæfi stefnanda hefur skerst af völdum þess slyss, sem hér er til umfjöllunar.

Við mat á örorkutjóni stefnanda verður stuðst við örorkumat það, sem fyrir liggur og eigi hefur verið hnekkkt, svo og framangreindan örorkutjóns-útreikning. Þá þykir auk þessara viðmiðunargagna mega taka tillit til þess, sem fyrir liggur í málinu um tekjur stefnanda eftir slysið.

Að þessu virtu og með hliðsjón af dómvenju um skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þykir örorkutjón stefnanda hæfilega metið 2.750.000 krónur. Það tjón bæti Eldberg hf. að 2/3 hlutum, 1.833.333 krónum, en frá því ber að draga bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, 272.267 krónur. Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina með 1.561.066 krónum.

Um 2. lið.

Pegar litið er til meiðsla stefnanda, sjúkrasögu hans og afleiðinga slyssins, þykir miski hans hæfilega metinn á 200.000 krónur. Þá fjárhæð ber stefnda að greiða að 2/3 hlutum, 133.333 krónum.

VI.

Samkvæmt framansögðu verður Eldberg hf. dæmt til að greiða stefnanda 1.694.399 krónur.

Skýra verður 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 þannig, að vextir þeir, sem stefnda ber að greiða stefnanda, skuli reiknaðir frá 22. apríl 1990, en vextir fram til þess dags séu fyrndir. Þá þykir með vísan til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 mega fallast á það með stefnanda, að krafa hans skuli bera dráttarvexti frá þingfestingardegi máls þessa, 11. maí 1994. Um vexti fer því eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 250.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eldberg hf., greiði stefnanda, Ólafi Auðunssyni, 1.694.399 krónur ásamt 6% dráttarvöxtum frá 22. apríl 1990 til 1. maí 1992, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.
